

VIÐTAL

Eldsneyti fyrir raunverulega baráttu

Ingimar Karl Helgason



„Mér finnst ég oft skynja að fólk skilur ekki hvað verkalýðsfélögin eru að gera í dag. Þau eru kannski orðin dálítið trénuð og ekki mikill baráttumóður í mörgum leiðtogum. Þetta er eitthvað sem við viljum skoða og styrkja og fá kannski meiri grasrótarverkalýðsbaráttu,“ segir Viðar Þorsteinsson, einn aðstandenda Róttæka sumarháskólans, sem settur var í fjórða sinn í vikunni.

Skólinn hefur hefur verið haldinn á hverju sumri frá 2010 og verið haldinn í húsnæði ReykjavíkurAkademíunnar. Endurgjaldslaust er að sækja skólann og vinna kennarar og aðrir aðstandendur í sjálfboðavinnu.

Verkalýðsbarátta í brennidepli

Verkalýðshreyfingin og verkalýðsbarátta eru áberandi hjá Róttæka sumarháskólanum að þessu sinni. Í kynningu á námskeiðum sumarsins segir meðal annars: „Verkalýðshreyfingin var á 20. öld í fararbroddi hreyfinga almennings gegn stéttaskiptingu og samfélagslegu óréttlæti, en í dag heyrir oft sagt að verkalýðshreyfingin sé ekki lengur lifandi afl í samfélaginu. Launa- og kjaramál eru þó í brennidepli í þjóðmálaumræðunni á ný. Launahækkningar yfirmanna og auðmagnseigenda eru stjórnlausar á sama tíma og launafólki er gert að sætta sig við síversnandi kjör. Stjórnvöld hafa afskipti af eðlilegri kjarabaráttu og skerða rétt launafólks til verkfalla, og stórfyrirtæki í sjávarútvegi beita ofríki til að loka fjölmönnum vinnustöðum á landsbyggðinni.“

Í Róttæka sumarháskólanum er litið á verkalýðsbaráttuna frá ýmsum sjónarhornum. Meðal annars er fjallað um áskoranir sem mæta innflytjendum og flóttafólki á vinnu- og fjögurra stunda vinnudag, öryggi kvenna í þjónustustörfum, sögu verkalýðshreyfingarinnar og helstu áskoranir, svo nokkuð sé nefnt. En umfjöllunarefnið er fleiri, því einnig verður fjallað um umhverfisvernd, skapandi og fræðileg skrif og fótunarfordóma, auk þess sem kvikmyndir verða sýndar og efni þeirra rætt. Bæði eru haldnir fyrirlestrar, sem hafa verið mjög vel sóttir í gegnum tíðina, og málstofur með áherslu á umræður.

Ekki að spekulera út í loftið

„Ég vona að skoðanaskipti og hugmyndavinna á Róttæka sumarháskólanum verði eldsneyti fyrir raunverulega baráttu,“ segir Viðar.

- En hver er þörfin fyrir Róttæka sumarháskólanum og hvaðan er hann sprotinn?

„Ég held að hún sé mjög mikill. Það er mikill áhugi fyrir því að fólk komi saman, setjist niður og þæli í hlutum,“ segir Viðar.

Viðar er sjálfur virkur þátttakandi í hefðbundnum fræðastörfum, en hann stundar doktorsnám í heimspeki. Hann segist lengi hafa haft áhuga á róttækum samfélagskenningum. „Mér fannst vera svolítið bil á milli fræða, kenninga og hugmynda annars vegar og svo aktivisma,“ segir Viðar, en hann hefur líka tekið þátt í ýmiss konar aktivisma undanfarinn rúman áratug.

„Ég hafði einhverja draumóra um að í háskólum væri mikið um róttækni og gagnrýna hugsun,“ segir Viðar um upphaf eigin háskólanáms. „Ég var oft að leita að námskeiðum og kennurum sem gætu fært mér þetta,“ en leitinn varð ekki mjög árangursrík.

„Háskólinn, ef ég tek bara dæmi af stjórnfræðingum, þá endurspeglar hún nánast fullkomlega kerfið eins og það er og veitir enga gagnrýna, utanaðkomandi sýn. Hver og einn stjórnfræðingur er nánast með sinn „hirdstjórnfræðing“. Fyrir þá sem vilja breytingar eða nýjungar er erfitt að vita hvar eigi að byrja,“ segir Viðar. Þar komi Róttæki sumarháskólinn til. „Margir eru að mennta sig sjálfir, nota netið, Youtube eða Wikipedia, en það kemur ekki í staðinn fyrir að setjast niður með öðrum, skiptast á þekkingu, heyra reynslusögur og tengja þetta svo við konkret aktivisma. Við erum ekki bara að sitja og spekulera út í loftið.“



„Margir eru að mennta sig sjálfir, nota netið, Youtube eða Wikipedia, en það kemur ekki í staðinn fyrir að setjast niður með öðrum, skiptast á þekkingu, heyra reynslusögur og tengja þetta svo við konkret aktivisma. Við erum ekki bara að sitja og spekulera út í loftið,“ segir Viðar Þorsteinsson.

Lægð í vinstri róttækni

Viðar segist sjálfur ef til vill hafa haft rómantískar hugmyndir um háskóla sem róttækt fyrirbæri. Það hangi saman við sögur '68 kynslóðarinnar, stúdentauppreisnum og lýðræði innan háskóla. „En svo kom raunveruleikinn eiginlega aftan að manni. Það hefur

verið mjög langur tími ákveðinna lægðar í vinstri róttækni, vegna nýfrjálslyggjunnar og alls þess. Við viljum vekja til lífsins róttækari samfélagsgagnrýni. Fólk er farið að leyfa sér að hugsa meira um aðra valkosti en kapitalismann,“ segir Viðar. Hann rifjar líka upp hrunið. „Það



Ýmsar umræður kvikna í Róttæka sumarháskólanum.



Fyrirlestrarnir hafa margir verið fjöl-sóttir.

var vonbrigði fyrir marga. En það voru líka vonbrigði hvað eftirmál hrunsins voru eyndarleg að mörgu leyti og afhjúpaði að róttækt vinstra fólks þyrfti skýrari eða meira afgerandi hugmyndir um aðra valkosti. Þetta endurspeglast kannski í því að „endurreisn“ var aðal slagorðið. Við sem höfum verið í vinstri pólitík höfum verið í vörn og kannski ekki verið nógu dugleg að sýna fram á aðra valkosti og tala af sannfæringu fyrir því að annað væri mögulegt. Heimur sem ekki stjórnast af kapitalisma.“

Kveikir réttlætiskennina

Þema Róttæka sumarháskólans í ár er verkalýðsbaráttan. Hvað ræður þessu vali?

„Það er að hlaupa meira líf í verkalýðsbaráttu á Íslandi. Mér fannst það koma mjög skýrt fram þegar aðildarfélag ASÍ höfðuðu kjarasamningum í vetur. Við höfum séð verkföll og meiri átök á vinnu- og fjögurra stunda vinnudag, öryggi kvenna í þjónustustörfum, sögu verkalýðshreyfingarinnar og helstu áskoranir, svo nokkuð sé nefnt. En umfjöllunarefnið er fleiri, því einnig verður fjallað um umhverfisvernd, skapandi og fræðileg skrif og fótunarfordóma, auk þess sem kvikmyndir verða sýndar og efni þeirra rætt. Bæði eru haldnir fyrirlestrar, sem hafa verið mjög vel sóttir í gegnum tíðina, og málstofur með áherslu á umræður.“

Ert þú að kljást við...


- ...offitu?
- ...verki?
- ...háan blóðþrýsting?
- ...orkuleysi?
- ...depurð eða kvíða?

Heilsulausnir
Stoðkerfislausnir
Hjartalausnir
Orkulausnir
Hugarlausnir

Lausnina finnur þú í Heilsuborg

Ert þú óviss með næstu skref?

Pantaðu tíma í Heilsumat og hjúkrunarfræðingur fer yfir stöðuna á þinni heilsu og aðstoðar með næstu skref.



HEILSUBORG

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is